COVID.IS
X



# Grassláttur

Reykjavíkurborg annast grasslátt í almenningsgörðum, meðfram þjóðvegum og á öðrum svæðum á borgarlandi.

## Hvað er slegið?

Gras á borgarlandi, í almenningsgörðum, við þjóðvegi í þéttbýli og á stofnanalóðum Reykjavíkurborgar er slegið.  Ekki er slegið innan lóða hjá fólki og eru íbúar hvattir til að kynna sér lóðamörk, sem hægt er að gera í Borgarvefsjá.

## Hver slær?

Verktakar sinna slætti meðfram þjóðvegum í þéttbýli, en boðið er út í samvinnu við Vegagerðina.  Um er að ræða 113 hektara, sem áætlað er að slegnir verði fjórum sinnum yfir sumarið.

Starfsfólk garðyrkjudeildar sinnir slætti í almenningsgörðum, svo sem í Laugardal, Hljómskálagarði, Klambratúni, Grundargerði, Austurbergi, Seljatjörn og í Mæðragarði við Rofabæ.  Um er að ræða í kringum 46 hektara, sem slegnir eru allt að vikulega.

Verktakar og starfsfólk á Þjónustumiðstöð borgarlandsins sinna slætti á öðrum svæðum, svo sem í íbúðahverfum og á grunn- og leikskólalóðum.  Um er að ræða 310 hektara sem áætlað er að slá um þrisvar sinnum yfir sumarið.

Á yfirlitskortinu hér fyrir neðan má sjá nánar um skiptinguna. Smella á mynd til að sjá stærri.




Alls eru því slegnir 469 hektarar af grasi á 10.217 sláttusvæðum í Reykjavík.

## Kostnaður við grasslátt hjá Reykjavíkurborg

Myndin sýnir bókfærðan kostnað við grasslátt á borgarlandi á verðlagi hvers árs í milljónum króna.

Tengt efni
Tengd skjöl
Sláttuumsjón 2020

ÁBENDINGAVEFUR
Láttu vita um það sem þarf að lagfæra.
SENDA ÁBENDINGU
Ábendingavefur

Borgarvefsjá
Borgarvefsjá - lifandi landakort




Í þessum tölum er ekki kostnaður við grasslátt í almenningsgörðum.

### Hvað er búið að slá, hve oft og hvenær?

Hægt er að fylgjast með framvindu grassláttar í Borgarvefsjá. Þar er hægt að sjá hvaða svæði hafa verið slegin, auk þess sem hægt er að kalla fram síðustu úttekt á verki og fjölda sláttuumferða.

### Fyrirspurnir og/eða ábendingar

Best er að senda ábendingar um slátt inn í ábendingakerfi Reykjavíkurborgar.  Auk þess er hægt að hringja í þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 og mun starfsfólk þar sjá um að færa ábendingar inn í ábendingakerfið.  Þjónustuver er opið kl 8.20 - 16.15 alla virka daga.

### Þjónustuver

Ábendingar

Netspjall - 08:20-16:15

Spurt og svarað

411-1111 - 08:20-16:15

upplysingar@reykjavik.is

**Opnunartímar í Borgartúni**

Borgartún 12-14, 105 Reykjavík

*Opið virka daga frá 8:20 - 16:15.*

Teikningaafgreiðsla: mánudag – föstudag 08:20 – 16:00

**Opnunartímar í Ráðhúsi**

Tjarnargata 11, 101 Reykjavík

*Opið virka daga 8:00 – 18:00*

*Opið um helgar 10:00  – 18:00*

Kennitala Reykjavíkurborgar: 530269-7609

**Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar**



Á þessu vefsvæði eru notaðar vafrakökur til þess að tryggja bestu mögulegu upplifun notenda.Lesa meira

Leyfa vafrakökurStillingar á vafrakökum

Stillingar á vafrakökum

Á þessu vefsvæði eru notaðar vafrakökur til þess að tryggja bestu mögulegu upplifun notenda. Lesa meira

Vista stillingar

Nauðsynlegar vafrakökur

Sumar vafrakökur eru nauðsynlegar til þess að vefsvæðið virki eðlilega og eru þær sjálfkrafa virkar. Hægt er að fá nánari upplýsingar um þessar vefkökur í vefkökustefnu okkar.

Tölfræði

**HafnaLeyfa**

Tölfræðilegar vafrakökur hjálpa okkur að bæta heildarupplifun gesta á vefsvæðinu með því að safna upplýsingum um notkun. Reykjavíkurborg notar Google Analytics og Siteimprove til slíks auk þess að greina vefnotkun, telja heimsóknir á síðuna.

About this tool